

Fundargerð

Aðalfundur FHA haldinn 15. maí 2018 kl. 16:00

Hjördís Sigursteinsdóttir formaður FHA setti fundinn með dagskrá og stakk upp á að Guðmundur Kr. Óskarsson yrði fundarstjóri og Þorlákur Axel Jónsson fundarritari, sem fundarmenn samþykktu.

Dagskrá:

- Fundargerð
Fundargerð síðasta aðalfundar var lögð fram til kynningar og samþykkt án athugasemda.
- Skýrsla stjórnar
Hjördís Sigursteinsdóttir fylgdi úr hlaði *Skýrslu stjórnar Félags háskólakennara á Akureyri starfsárið 2017-2018*, sbr. fylgiskjal.
Stjórnin hélt 7 fundi á starfsárinu. Formaður skýrði einstök atriði samhliða yfirferð yfir skýrsluna.
Gerð var athugasemd við að Daníel Freyr Jónsson væri trúnaðarmaður FHA.
- Endurskoðaðir reikningar
Guðmundur Kr. Óskarsson gjaldkeri FHA lagði fram endurskoðaða reikninga og skýrði frá fjárhag félagsins.
Guðmundur svaraði spurningum um einstök atriði.
Reikningarnir voru samþykktir einróma.
- Staðfesting á inntöku nýrra félaga
Nýir félagar voru samþykktir með fyrirvara um að listi með nöfnum 16 nýrra félaga sé réttur, sbr. fylgiskjal. Í félaginu eru 146 meðlimir.
Inntaka hinna nýju félaga var samþykkt einróma.
- Ákvörðun um árgjald
Stjórn lagði til að félagsgjöld verði óbreytt eða 1% af heildarlaunum félagsmanna. Tillagan var samþykkt samhljóða.
- Tillögur til lagabreytinga
Engar tillögur höfðu borist innan tilskilins frests þannig að þessi liður var ekki tekin fyrir sérstaklega.
- Kosning formanns
Hjördís Sigursteinsdóttir var einróma endurkjörin formaður FHA.
- Kosning stjórnar
Eftirtaldir eru réttkjörnir í stjórn FHA:
Sigríður Sía Jónsdóttir og Helgi Freyr Hafþórsson sem stjórnarmenn.
Margrét Elísabet Ólafsdóttir og Stefán Guðnason sem varamenn í stjórn.

9. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings

Eftirtaldir eru rétt kjörnir skoðunarmenn ársreiknings:

Stefán Jóhannsson

Stefán Sigurðsson

10. Kosning samninganefndar

Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Kr. Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir voru einróma kjörin í samninganefnd.

11. Kosning samstarfsnefndar

Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Kr. Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir voru einróma kjörin í samstarfsnefnd.

12. Önnur mál

- a. Námssjóður FHA. Ákveðið að loknum umræðum að halda sjóðnum áfram úti með óbreyttum reglum.
- b. Ágúst Þór Árnason lagði fram bókun um stjórnarhætti í HA:
„15. maí 2018
Lagt er til að Félag háskólakennara á Akureyri boði hið fyrsta til sérstaks fundar um stefnu HA og breytingar á stjórnarháttum undanfarin misseri. Í fundarboði verði tekið fram að stefnt sé/verði að því að komið verði á fót vinnuhópi eða nefnd í þeim tilgangi að gera úttekt á þróun þessara mála.“
Að loknum umræðum lýsti fundurinn sig samþykkan fyrri hluta bókunarinnar og vísaði seinni hlutanum til úrvinnslu fyrirhugaðs fundar.
- c. Hjördís fór yfir stöðu kjarasamninga sem eru framundan næsta vetur. Umræður.
- d. Eftir fyrirspurn urðu umræður um veikindarétt akademískra starfsmanna og tækifæri starfsmanna HA til símenntunar.
- e. Rætt um takmörkun á innritun í námskeið um kennslufræði háskóla.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 17:30

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari